

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 HÖFN

Garðabær, 25. mars 2024
Málsnúmer: 202402-0046
SS

Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna nýs íbúðarsvæðis.

Vísað er í tölvubréf frá Sveitarfélaginu Hornafirði sem barst þann 15. febrúar 2024 í gegnum Skipulagsgátt. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Breytingin varðar afmörkun á nýju svæði fyrir íbúðarbyggð. Svæðið (ÍB-5) er staðsett austan Hafnarvegar og sunnan Hafnarbrautar.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingarinnar þann 11. maí 2023. Í þeirri umsögn kom fram að áætluð uppbygging er staðsett við hliðina á lítt röskuðum fjörusvæðum í vestanverðum Skarðsfirði sem er á gildandi náttúruminjaskrá (C-hluta) – Sílavík - og einnig að hluta innan marka svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt fyrir B-hluta náttúruminjaskrár vegna verðmætra fjöruvistgerða og búsvæða fugla. Taka þarf tillit til þess við skipulag íbúðarbyggðarinnar og tryggja hæfilega fjarlægð byggðar frá fjöruvörðum. Einnig var lagt til að gerð yrði úttekt á því hvernig fuglar noti svæðið í dag sem er að mestu ræktuð tún.

Svæðið sem um ræðir er nokkuð stórt og þótt verndargildi þess hafi rýrnað mjög vegna framræslu og annarra framkvæmda má reikna með töluverðu fuglalífi sérstaklega á austurhluta þess. Ábendingar Náttúrufræðistofnunar úr umsögn um skipulagslýsingu varðandi nálægð við fjörusvæðin eiga enn við og tryggja þarf að uppbyggingin hafi ekki neikvæð áhrif á búsvæði fugla á strandsvæðum. Skipulag og hönnun byggðar getur þar haft mikið að segja og t.d. fyrirkomulag ofanvatnsrása, gróðursetningar, útivistarsvæði o.fl. Tekið er undir ábendingar Umhverfisstofnunar í umsögn þeirra frá 14. mars 2024 um mikilvægi þess að huga vandlega að fráveitu byggðarinnar. Ítrekað eru tilmæli um að skynsamlegt væri að kanna betur fuglalíf svæðisins til að átta sig á umhverfisáhrifum skipulagsbreytingarinnar. Horfa mætti til mótvægisáðgerða ef nauðsynlegt er t.d. með því að skilgreina verndarsvæði annars staðar þar sem sambærileg búsvæði eru vernduð og/eða endurheimt t.d. með endurheimt votlendis.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna en áskilur sér rétt á ábendingum á deiliskipulagsstigi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

